

Landsmót SFÍ 2017

Landsmót Smalahundafélags Íslands var haldið dagana 21. og 22. október 2017 í Austurhlíð Biskupstungum og hafði Smalahundadeild Árnassýslu umsjón með mótinu. Dómari var Anthony Boggy Warmington og kom hann frá Englandi fyrir tilstuðlan ISDS. Keppnisbrautin var krefjandi, en að sama skapi mjög skemmtileg. Ekki síst vegna þess að völlurinn var leitóttur og stundum hurfu bæði kindur og hundur sjónum smalans. Þá reyndi á taugar smalans sem þruffti að setja allt sitt traust á hundinn. Dómarinn hafði orð á því að íslenskar kindur væru erfiðari en hann ætti að venjast og reyndi því mjög á hæfni hundanna að stjórna þeim. Keppt var í A-flokki, B-flokki og unghundaflokki. Í ár var sú nýbreytni að keppt var að 110 stigum í A-flokki. Stigaskorið er þó að meðaltali lægra en oft hefur verið. Margir féllu á tíma og dómarinn var ófeiminn við að víkja mönnum úr braut fyrir minnstu yfirsjónir. Aðeins einn keppandi náði að klára A-flokks brautina innan tímamarka, en það var Sverrir Möller með Gutta. Allir keppendur fengu tvö rennsli og gilti samtala þeirra til úrslita.

Úrslit voru eftirfarandi:



A-FLOKKUR: Tvö rennsli giltu til úrslita, 110 stiga 350m braut, 15mín, 8 keppendur.

- 1) Aðalsteinn Aðalsteinsson og Doppa frá Húsatóftum 4,5 ára (62+74) 136 stig (besta tíkin)
- 2) Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum 8 ára (60+60) 120 stig
- 3) Svanur Guðmundsson og Korka frá Miðhrauni 6 ára (48+65) 113 stig

- 4) Halldór Sigurkarlsson og Smali frá Miðhrauni 6 ára (45+58) 103 stig (besti hundurinn)
- 5) Marsibil Erlendsdóttir og Skutla frá Skálholti 4 ára (35+40) 75 stig
- 6) Sverrir Möller og Gutti frá Hafnarfirði 5 ára (0+60) 60 stig
- 7) Þorvarður Ingimarsson og Spaði frá Eyrarlandi 3ja ára (0+50) 50 stig
- 8) Hilmar Sturluson og Perla frá Mósakógum 8 ára (0+38) 38 stig



Unghundaflokkur, tvö rennsli giltu til úrslita, 100 stiga og 150m braut, 12mín, fimm keppendur.

- 1) Maríus Snær Halldórsson og Elsa frá Hallgilsstöðum 33 mán (53+55) 108 stig
- 2) Aðalsteinn Aðalsteinsson og Snerpa frá Húsatóftum 21 mán (52+36) 88 stig
- 3) Einar Atli Helgason og Kría frá Snartarstöðum 18 mán (0+60) 60 stig
- 4) Einar Atli Helgason og Fenja frá Hafnarfirði 30 mán (51+0) 51 stig
- 5) Svanur Guðmundsson og Bonnie frá Dalsmynni 2ja ára, hættu keppni



B-flokkur, tvö rennsli giltu til úrslita, 100 stiga og 200m braut, 12mín, 2 keppendur:

- 1) Einar Atli Helgason og Strumpur frá Snartarstöðum 7 ára (0+68) 68 stig
- 2) Marsibil Erlendsdóttir og Rotti frá Dalatanga 3 ára (0+35) 35 stig

Hér má sjá smá myndband frá mótinu:

<https://www.youtube.com/watch?v=7sCjt4-Ghq&t=29s>

Eftirtaldir aðilar styrktu mótið og er þeim hér með þakkað kærlega fyrir:

Baldvin og Þorvaldur

Landstólpi

Fóðurblandan

SS